Skráningarreglur, grein 4.1. og 5.6.

Sökkulrými, skriðkjallarar, lagna eða leiðslukjallarar, haughús og taðrými.

Í grein 5.6 í fylgiskjali með reglugerð númer 910/2000 segir: Skriðkjallarar færast ekki í skráningartöflu en þeirra skal getið í athugasemdalínum.

Til sökkulrýma teljast öll rými sem eru undir berandi botnplötum og eru því utan afmörkunar hjúps. Þau er hægt að nota sem lagnaleið en hafa takmarkað aðgengi. Þessi rými eru ekki skráð í skráningartöflu en þeirra skal getið í athugasemdum. Til sökkulrýma teljast rými undir botnplötu sem hafa ekki skilgreint hlutverk á aðaluppdrætti og hafa aðgengi eingöngu gegnum mannop. Önnur nöfn á þessum rýmum eru t.d. skriðkjallari og skriðrými. Til varnar rakaskemmdum er stundum steypt þrifalag í þessi rými, sem þó breytir engu m.t.t skráningar.

Rými í sökklum sem eru samþykkt á aðaluppdrætti sem lagna- og/eða leiðslukjallarar eru skráð sem tæknirými í skráningartöflu hússins, og fá sérstaka rýmislínu. Þessi rými eru oftast nefnd lagnarými eða lagnakjallarar og er ekki gerður munur á skráningaraðferð eftir aðgengi eða salarhæð.

Haughús og taðrými fá sérstaka rýmislínu í skráningartöflu hvort sem þau eru A eða B rými og þau skal skilgreina sem tæknirými.

Dæmi 1

Skráningarreglur, grein 4.1. og 5.6.

Dæmi 1 sýnir lagnakjallara sem samþykktur hefur verið á aðaluppdrætti. Rýmið hefur fasta aðkomu og salarhæð er undir 180 cm. Rýmið er innan hjúps byggingarinnar og fær rýmislínu í skráningartöflu

Dæmi 2

Dæmi 2 sýnir lagnakjallara sem samþykktur hefur verið á aðaluppdrætti. Rýmið hefur ekki fasta aðkomu og salarhæð er undir 180 cm. Rýmið er innan hjúps byggingarinnar og fær rýmislínu í skráningartöflu.

Dæmi 3



Dæmi 3 sýnir sökkulrými utan hjúpflatar. Innangengt er um lúgu frá hæðinni fyrir ofan. Þess konar rými eru ekki skráð í skráningartöflu, en þeirra skal getið

Skráningarreglur, grein 4.1. og 5.6.

í athugasemdum.

Dæmi 4



Dæmi 4 sýnir kjallara sem samþykktur hefur verið á aðaluppdrætti. með inngangi um hurð utanfrá. Rýmið hefur fasta aðkomu og fær rýmislínu í skráningartöflu. Botnplata reiknast sem lóðrétt ofanvarp jarðvegsbotns á láréttan flöt.

Dæmi 5



Skráningarreglur, grein 4.1. og 5.6.

Dæmi 5 sýnir hesthús með lokuðu taðrými. Taðrýmið fær rýmislínu í skráningartöflu. Rýmið skal skrá sem N notarými og A lokun.

Dæmi 6





Skráningarreglur, grein 4.1. og 5.6.

Dæmi 6 sýnir hesthús með opnu taðrými. Taðrýmið fær rýmislínu í skráningartöflu. Rýmið skal skrá sem T tæknirými og B lokun.